

Kópavogi, 15. apríl 2021  
Tilvísun: CoreData-númer

## Efni fundar: Sjá dagskrá

Fundarmenn: Anna María Gunnarsdóttir, Birgir Urbancic Ásgeirsson, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Ingimar Ólafsson Waage, Karl Frímannsson, Kristinn Þorsteinsson, Ragnar F. Ólafsson, Sigrún Grendal, Sonja Dögg Pálsdóttir, Þorgerður Diðriksdóttir, ,

Fjarverandi: Haraldur F. Gíslason

Fundarritari: Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður kennararáðs

## Dagskrá fundar:

1. Upphaf
  - a. Dagskrá fundarins
  - b. Fundargerð kennararáðs 25. febrúar 2021
2. Leiðbeiningar um verklag við ráðningar kennara og stjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla.
3. Frá ritstjórn hæfniramma
4. Starfsþróun
5. Önnur mál

## Umræður og ákvarðanir:

1.
  - a. Engar athugasemdir gerðar við dagskrá fundarins.
  - b. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð.
2. Formaður greindi frá því að engar athugasemdir við leiðbeiningarnar hafa borist frá meðlimum kennararáðs. Umræður um mismunandi aðstöðu sveitarfélaga til þess að ráða kennaranema til starfsnáms. Lagt til að efnið yrði sett á dagskrá á fund ráðsins síðar ef þarf.
3. Sonja Dögg greindi frá vinnu ritstjórnar um hæfniramma kennara og skólastjórnenda. Umræður urðu hvernig hæfni kennara til að miðla á íslensku og starfsþróun ættu að birtast í rammanum.
4. Anna María sagði frá vinnu starfshóps um starfsþróun. Hópurinn vinnur að tillögum að því hvernig unnt væri að gera starfsþróun skil í hæfniramma kennara og skólastjórnenda. Stefnt er að því að hópurinn leggi fram drög að tillögu á næsta fundi kennararáðs.
5. Formaður sýndi vefsíðu kennararáðs sem er ein af undirsíðum á heimasíðu Menntamálastofnunar: [www.kennararad.is](http://www.kennararad.is)

Næsti fundur: Fimmtudaginn 27. maí kl. 13-15.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: IÁ |